

Sp. 568. Tillaga til þingsályktunar [325. mál]

um skipun nefndar til að rannsaka deilur milli fræðslufirvalda á Norðurlandi eystra og menntamálaráðuneytisins.

Flm.: Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd þriggja manna sem Hæstiréttur tilnefnir til þess að rannsaka deilur fræðslufirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra og menntamálaráðuneytisins. Nefndin hraði störfum sínum eins og kostur er og skili sem fyrst skýrslu um málið sem ráðherra leggi fyrir yfirstandandi þing.

G r e i n a r g e r ð .

Þrátt fyrir mikla umfjöllun á Alþingi út af deilu milli fræðslufirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra og menntamálaráðuneytisins eru engar lyktir á deilunni í sjónmáli. Fram hefur komið að umræður og skoðanaskipti um hana hafa truflað mjög kennslu í skólum umdæmisins og ef til vill víðar.

Menntamálaráðherra boðaði til fundar á Akureyri og Húsavík sem ekki leiddu til lausnar svo vitað sé. Fræðsluráð umdæmisins hefur óskað eftir að rannsóknarnefnd verði sett í málið. Ekki er líklegt að nefnd þingmanna fjalli um málið á hlutlausan hátt eða nái samstöðu um álitgerð eftir þær umræður sem fram hafa farið og þau stóru orð sem fallið hafa í ræðum ráðherra og þingmanna.

Ekki er heldur líklegt að þingsályktunartillaga um slíka nefndarskipun yrði samþykkt þar sem þingmenn og ráðherra virðast sjá málið í gegnum pólitísk gleraugu og getur því sú leið tæpast orðið til þess að leysa þann harða hnút sem þessi deila er komin í. Hins vegar er það skylda Alþingis að leita leiða til að fá fram lausn á þessu máli svo að allt skólalald geti fram farið með eðlilegum hætti.

Það er ekki hægt að horfa upp á það aðgerðarlaust að nemendur líði fyrir það svo vikum skipti að fræðslufirvöld og kennarar á Norðurlandi deili við menntamálaráðuneytið um stefnu í kennslumálum, rétt og skyldur fræðslufirvalda á landsbyggðinni og hvað sé refsivert athæfi og hvað ekki þegar unnið er að því að minnka aðstöðumuninn, t.d. í sér- og stuðningskennslu.

Í þessari tillögu til þingsályktunar er lagt til að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn til að kanna þau efnisatriði sem deilt er um því að ætla má að nefnd, sem skipuð er af slíkum aðilum, kanni allar hliðar þessa máls af réttisýni og ef fram kemur samdóma niðurstaða í skýrsluformi til Alþingis muni það leiða til lausnar þessarar deilu með skjótum hætti. Ef dómsmálaleið verður farin mun langur tími líða þar til að niðurstaða fæst og mun það hafa slæm áhrif á nemendur og allt skólalald á Norðurlandi þar til þessi deila er að fullu leyst. Því er þessi tillaga flutt.